

NÁTTÚRUFRAEÐI OG NÁTTÚRUSPEKI

I

Einn kaflinn í Nýal, sem kom út 1919—22, átti að heita þannig, en ekki varð úr að hann kæmi. En nú hefir það orðið mér nokkur hvöt til að láta að þessu sinni koma kafla með þessu nafni, að ég hefi séð nýja bók eftir hinn nafnfræga stjarneðlisfræðing og vísindalega rithöfund Sir James Jeans, sem heitir *Physics and Philosophy* (eðlisfræði og heimspeki), 1942. Og hefir nú að vísu mest mitt mál að því hnigið að leiða í ljós, hvernig náttúrufræði geti orðið að náttúruspeki og lífernissfræði. En þó virðist mér sem yfirlitskaflí eins og sá, sem hér kemur, muni geta orðið að nokkru gagni. Er á því enginn efi, að þörfin er mjög knýjandi fyrir meiri skilning á tilverunni, betra yfirlit, og undirstöðu undir vísindalega lífernissfræði. Vitanlega er bók Jeans framúrskarandi vel rituð og af ágætum lærdómi, en þó þykir mér mest í það varið, hversu vel kemur í ljós við lestur hennar, að til þess að öðlast þau sannindi, sem oss vanhagar um fremur öllu öðru, stoða jafnvel ekki hinar aðdánlegu eðlisfræðilegu rannsóknir, sem Jeans segir svo vel frá í bók sinni. Þar verður að fara nýjar leiðir. Hinn mikli eðlisfræðingur tekur það sjálfur skýrt fram í lok bókar sinnar (s. 217), að heimspekilegur árangur af hinum stórkostlegu uppgötvunum hinnar nýju eðlisfræði sé lítilfjörlegur. Hann hugar sig við það, að ekki geti verið ástæða til að furða sig á því, að mannkyninu skuli ekki hafa tekist á fyrsta milljónasta hluta ævi sinnar, að komast að neinu verulegu leyti framúr þeim viðfangsefnum, sem fyrir því liggja; og ennfremur það, að mörgum sé leitinn eftir sannleikanum meira áhugaefni en sannleikurinn sjálfur. Er nú við það að athuga, að sú leit verður því árangursvænlegri og meira áhugaefni, því

stórkostlegri sannindi, sem fundin eru. Og svo er annað. Þó að aðrir eins vísindamenn og Sir Oliver Lodge, Sir James Jeans, og margir aðrir, geri ráð fyrir því, að saga mannkynsins sé, að heita má, aðeins að hefjast, framundan séu margar milljónir ára enn, þá er ekki svo, nema einhverjar mjög stórkostlegar breytingar geti orðið til batnaðar. Mannkynið er ekki nú á vegi til langrar og farsællar framtíðar, heldur til glötunar. Og hið eina, sem getur bjargað því, er ný þekking. Það þarf að átta sig á því, hvar vér erum á vegi staddir, hví vér erum svo staddir og hvernig verði komist á rétta leið. Og hrunið er svo skammt undan, að þetta verður að gerast fljótt, ef takast á að bjarga framtíð mannkynsins.

Margir merkir vísindamenn og heimspekingar hafa á þessum síðustu tímum orð á því gert, hver nauðsyn sé á, að slíkar framfarir geti orðið í líffræði, sem orðið hafa í eðlisfræði, efnafræði og stjörnufræði, og hefir þó virst óvænlega horfa. Menn hafa talið fullkomlega víst, að viðfangsefni líffræðinnar geti aldrei orðið annað en lífið hér á jörðu, aldrei geti fengist nein vitneskja um líf á stjörnunum, og að um vísindalega þekkingu á því, hvort til sé líf eftir dauða, geti aldrei orðið að ræða. Og ýmsir hinir vitrustu menn á vorum dögum líta svo á, að ekki sé unnt að sjá neinn tilgang með heimi og lífi. En þó er oss hin mesta nauðsyn á að vita, eigi einungis hvort um nokkurn tilgang er að ræða, heldur einnig, hver hann sé.

II

Þegar nú þess er gætt, hversu knýjandi þörfin er á auknu og nýju ljósi þekkingar, og ennfremur, að því hefir örugglega spáð verið, og þannig að orði komist, að héðan frá Íslandi muni skína það ljós, sem hina mestu þýðingu hafi fyrir allt mannkyn, þá er það vissulega mjög eftirtektarvert, að til skuli vera íslenskur vísindamaður — og að vísu enginn líttreyndur unglingur — sem er þess fullviss, að sér hafi, þrátt fyrir allt, tekist að gera hina nauðsynlegu byrjun í þessum efnum. Bregða ljósi einmitt þar yfir, sem hina nýju og réttu leið var að finna. Og virðist þessi tilgangur, sem svo mikil

nauðsyn er á að vita, í rauninni vera svo auðskilinn, að furðu gegnir, að menn skuli ekki fyrir löngu hafa gert sér hann fullkomlega ljósan. Tilgangurinn er hin fullkomna samstilling (Harmoni). Eðlisfræðingunum hefir nú fyrir skömmu, eins og kunnugt er, tekist að færa þekkinguna á ríki þessarar samstillingar út niðurávið, svo að nú er vitað, að þar sem menn héldu áður vera ódeilisagnir, svonefndar, eru í rauninni frumhverfi, sem geta verið margsamsett, og þar sem lýsir sér á furðulegan hátt, eins og t. d. í gulli, og gimsteini þeim, sem svo á skilið að heita fremur öllum öðrum (demantinn, hið hreina kolefni), hversu furðulegur getur verið árangur fullkominnar samstillingar, þó að í frumhverfi sé.

En mjög skorti skilning á þessu uppávið, og að því er aðalatriði snertir, alveg. Menn hafa aldrei gert sér ljóst, að hið mikla takmark er alsamstilling lífsins í alheimi. Allt það, sem ekki miðar til að greiða fyrir þeirri samstillingu, er rangt. Hið ískyggilega, og það, sem gerir oss óumflýanlegt að skilja, á hverri leið mannkyn vort er statt, er nú þetta, að mannkynssagan er bersýnilega, þrátt fyrir allar uppstyttnar, saga vaxandi andstillingar. Og eigi einungis það, heldur eykst andstillingin mjög geist. Styrjaldarandstilling þjóða var ekki stórum verri t. d. um miðja 19. öld, heldur en hundrað árum áður; en öllum er augljóst, að andstillingin milli, segjum Breta og Þjóðverja, er stórum verri nú en í heimsstyrjöldinni fyrri. Má af því, hve geist fer að, marka m. a., hve mjög nálægt er verið barmi glötunarinnar.

III

Uppgötvun mín á eðli draumlífsins er náttúrufræðilegs eðlis, og segi ég það óhræddur fyrir, að hún mun reynast þýðingarmeiri fyrir framtíð mannkynsins en nokkur uppgötvun í náttúrufræði áður. Með henni er björtu ljósi vísindanna brugðið yfir svo margt og svo mikið, sem menn hafa ekki skilið áður, og jafnvel talið víst, að aldrei mundi vitað verða. Þegar menn hafa áttað sig á eðli draumlífsins, hætta miðilfyrirburðir spíritismans að vera dularfullir. Ég

hefi þannig getað sýnt fram á, að í ritum spíritista er í raun réttari verið að segja frá lífi á stjörnunum, þó að þá, sem rita, gruni það ekki. Og það er ekki einungis spíritisminn, sem ljós sannleikans skín yfir þannig, að enginn þarf að vera í vafa um lengur, að lifað er eftir dauðann, og hvers eðlis það líf er, heldur einnig hin forna gríska heimspeki, og þá helst það, sem heimspekingar seinni tíma hafa síst nokkurs metið, en þó einmitt er merkilegast. Ég hefi fundið, að einn af ágætustu spekingum, Plótínus, er að lýsa fullkomnara lífi á öðrum stjörnum, þar sem hann heldur sjálfur, að hann sé að lýsa hugarheiminum, kosmos noetos. Og ekki er heldur dularfult framar, hvernig sú þekking er til komin, og að engan veginn er um einbera hugsmíð spekingins að ræða.

Skilningur á eðli draumlífsins sýnir oss, svo að ekki verður um villst, hvernig stefnt er til sambands milli lífsins á hinum ýmsu jarðstjörnum alheimsins, og ennfremur, að það samband er hér á jörðu mjög ófullkomið ennþá, og jafnvel til slíkra staða, sem ekki ætti að vera, illra staða. Og eru að slíku einkum mikil brögð á styrjaldartímum; þá flæða yfir jörðu vora hin illu áhrif frá myrkheimum bundinsnúinna framlífsjarða, eins og áður hefir verið nokkuð af sagt, í sögu Franchezzos.

IV

Náttúran eins og vér þekkjum hana hér á jörðu, er van-skapnaður, sem færa þarf til réttis horfs. Það er þetta, sem er ætlunarverk mannkynsins, til þess hefir mannkyn verið hér skapað — ef svo mætti að orði komast. Og að þungt muni vera fyrir, að koma hér á ríki hinnar fullkomnu samstillingar, má marka af því, að um milljónir alda hafði verið stritast við að koma lífinu hér uppávið, áður tókst að skapa mann. Og er þó eftirtektarverðast, að á þessari löngu leið hefir aldrei verið um eindregna framför að ræða, og svo illa hefir jafnvel veitt, að aldrei hefir verr horft á þessari jörð en einmitt nú, andstillingin aldrei verið geistari, aldrei meira um kvöl og kvíða, og þau verk sem síst skyldi vinna. Og svo veikburða og lítils umkominn virðist sannleikurinn, að

býsna erfitt er að láta sér til hugar koma, að honum muni sigurs auðið verða. Og þó er það sannleikurinn einn, sem getur bjargað. Verði sannleikurinn ekki þeginn, mun farinn verða áfram vegurinn til glötunar, uns yfir lýkur. Ég hefi hér áður sagt nokkuð af því, hvernig tekið var tilraunum guðanna til að breyta gangi sögunnar, og afstýra hinum ægilegu hörmungum 17. aldarinnar. Merkgilegustu boðberar sannleikans voru brenndir á báli, og menn litu jafnvel á það sem tiltakanlega góða skemmtun, að sjá þá kveljast til dauða. Þetta fólk var mjög trúað, eða hélt að það tryði mjög á Guð, og grunaði ekki, að það var að breyta sem þverast gegn Guðs vilja, og að með slíku stofna menn sér þau vandræði, sem ekki verður afstýrt. Miklar hafa framfarirnar verið síðan, ekki verður því neitað, og nú er þó a. m. k. enginn lifandi brenndur þó að hann ímyndi sér, að hann hafi þýðingarmiklar hugsanir fram að bera. En menn eru þó ennþá býsna fjarri því að skilja hve mjög vandræði mannkynssögunnar hafa stafað af því, að sannleikurinn var aldrei þess metinn, sem þurft hefði, né leitin eftir sannleikanum. Og þessu nátengt er það, að menn eru ennþá alltof langt frá því að gera sér ljóst, að til sé nokkur sannleikur eða geti verið, sem þeim sé alveg sérstaklega áriðandi að þiggja og meta að verðleikum.

V

Allt mannkyn þarf að eignast sameiginlegt áhugamál, enda mun svo verða, þegar menn skilja, að til er mark, sem ekki er unnt að ná nema allt mannkyn sé samtaka, og þó verður að ná, ef ekki á öllu mannlífi hér á jörðu að verða lokið, og það áður á löngu liði, og á herfilegasta hátt.

Undir því er allt komið, hvort það tekst að vekja áhuga mannkyns vors á sambandinu við fullkomnari mannkyn á öðrum jarðstjörnum alheimsins. En hversu erfitt er fyrir, má nokkuð marka af undirtektunum hér á Íslandi, þar sem fyrst hefir skilist hverskonar aldaskipti nú er um að ræða hér á jörðu. Og er það að vísu háttur smáþjóða, að telja nokkurnveginn sjálfsagt, að allar hinar stærstu hugsanir

verði að sækja til hinna stærri þjóða. Er ein sérstök entalsvert áriðandi tegund þjóðrækni vanalega því minni, sem þjóðin er mannfærri og fátækari, og mun vera óhætt, að gera ráð fyrir, að þeir muni ekki vera margir, sem nokkurt verulegt mark hafa tekið á því, sem sagt hefir verið um aldaskiptahlutverk íslensku þjóðarinnar, jafnvel þó að mjög merkileg útlend liðveisla hafi þar komið til, og úr mjög óvæntri átt. Og mjög fáir munu þeir vera, jafnvel meðal þeirra, sem á einhvern hátt trúa á forsjón, sem hafa látið sér koma til hugar, að þessi aukna velmegun, sem svo mikið er talað um — en sumir verða þó mjög miklu meir varir við en aðrir — kunni á nokkurn hátt að standa í sambandi við tilraunir frá æðri stöðum í þá átt að gera Íslendingum auðveldara um að sinna sínu þjóðarhlutverki. En stjörnu-sambandsstöð sú, sem ég hefi minnst á nokkrum sinnum, má ekki vera fátækleg, og þyrfti, ef vel á að vera, að styðjast við alþjóðar áhuga. Meðal annars vegna þess, að á slíkum jarðstjörnum, sem vér hér á jörðu þurfum að fá samband við, eru slíkar stofnanir forkunnlega úr garði gerðar, og öllum áhugaefni; og því fremur sem væri í sömu átt hér hjá oss, því betur mundi sambandið takast.

En það er óhætt að segja, að þegar þetta hið mesta sambandsmál væri komið í rétt horf, mundu meiri og stórkostlegri breytingar verða til góðs á lífinu hér á jörðu, en nokkurn hefir órað fyrir. Ég hika jafnvel ekki við að segja, að á fáeinum áratugum, jafnvel einum 10—20 árum, mundu þá verða meiri sannar framfarir hér á jörðu, en um allar aldir áður, frá því er hófst hér mannkyn, sem hefir átt svo skelfilega sögu glæpa, heimsku og hörmunga.

Versta fyrirstaðan gegn aldaskiptunum mun enn um hrið sjálfsagt verða sú lítilsvirðing, sem mönnum hefir jafnan verið svo gjarnt að hafa á sannleikanum og þeim, sem sannleikans hafa leitað — nema þegar verr hefir verið — og mestu hefir um það valdið, að ekki hefir orðið komist á sanna framfaraleið. Og ekki þarf að efa, að enn mun fara versnandi viðburðarásin, meðan sannleikurinn er ekki metinn eins og þarf. En skjótt mun létta af þessu éli, sem nú er,

þessu langversta éli mannkynssögunnar, þegar svo verður.
— Verður fróðlegt að vita, hvort Íslendingar sjálfir munu
hafa forgöngu í því að meta sannleikann eins og ber, eða enn
þarf útlendrar hjálpar, áður þjóðin geti áttað sig á sér sjálfri.